

Nr. 18-177 S 120 Engey RE 1***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr.: 2889
IMO: 9756315
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Útgerð: HB Grandi hf.
Stærð: 1827,40 bt
Mesta lengd: 55,15 m Skráð lengd: 51,75 m
Breidd: 13,50 m Dýpt: 8,20 m
Vél: MAN, 1795 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 16



Engey©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. maí 2018 var Engey RE 1 á siglingu SV af Reykjanesi á leið til Reykjavíkur. Veður: A 5-6 m/s.

Skipverji hrasaði um þröskuld á baðherbergi með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hægri fæti.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn fékk skurð á stóru tá og var sárið saumað saman með þrettán sporum;
- að hann skarst á rústfrírri klæðningu sem var yfir þröskuld inn á baðherbergið;
- að um var að ræða óviðunandi frágang á þröskuldi;
- að klæðningin var lagfærð strax eftir slysið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.